

## ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

### Ársskýrsla 2017

Hlutverk Þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Stjórnin skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir áðurnefnd skólastig.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn Þróunarsjóðs námsgagna á fjögurra ára fresti. Félag íslenskra framhaldsskóla, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna fjóra af fimm stjórnarmönnum. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um námsgögn og þar er m.a. kveðið á um að stjórn hans ákveði skiptingu á fjármunum sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðsstjórn er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Ennfremur segir að mennta- og menningarmálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, þar sem m.a. sé kveðið á um skipulag hans og reglur um úthlutun. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna árið 2017 skipuðu:

- Þórir Ólafsson, formaður
- Anna María Gunnarsdóttir, fulltrúi KÍ
- Hanna Berglind Jónsdóttir, fulltrúi KÍ
- Ingi Bogi Bogason, fulltrúi FÍF
- Þórdís H. Ólafsdóttir, fulltrúi SÍS

Stjórnin hélt þrjú fundi á tímabilinu frá desember 2016 til apríl 2017:

- 7. desember (nefndarfundur)
- 10. mars (nefndarfundur)
- 11. apríl (nefndar- og úthlutunarfundur)

#### Starfsemi

Árið 2017 var annað starfsár núverandi stjórnar Þróunarsjóðs námsgagna. Stjórnin ákvað að hittast í desember 2016 til þess að leggja línurnar fyrir komandi ár. Var ákveðið að halda auglýstum hámarksstyrk til sjóðsins óbreyttum í 1,75 m.kr. fyrir árið 2017 en forgangsatriði sjóðsins á árinu voru þrjú: Námsgögn fyrir innflytjendur vegna tungumálakennslu og tvítýngis, fjármálalæsi þvert á skólastig og námsgögn fyrir starfsnám. Ákveðið var að opna fyrir umsóknir um miðjan desember og hafa umsóknarfrest út janúarmánuð.

Sjóðnum bárust alls 92 styrkumsóknir og námu fjárbeiðnir alls rúmum 138,5 m.kr. Flestir umsækjendur báðu um fullan styrk, eða 1,75 m.kr., en meðalupphæð styrkbeiðna nam um 1,5 m.kr.

37 umsóknir (40%) féllu undir forgangsatriði ársins og fjölluðu um námsgögn fyrir innflytjendur vegna tungumálakennslu og tvítýngis, fjármálalæsi þvert á skólastig og námsgögn fyrir starfsnám. 55 umsóknir (60%) féllu undir önnur áhersluatriði.

Aðalumsækjendur voru ýmist einstaklingar eða fyrirtæki; um var að ræða 26 karla (35%), 48 konur (50%) og 18 fyrirtæki/stofnanir (15%). Meðumsækjendur voru alls 79 talsins; 24 karlar (30%), 53 konur (67%) og 2 fyrirtæki/stofnanir (3%).

Allar umsóknir voru metnar annars vegar í innra mati af meðlimum stjórnar Þróunarsjóðs námsgagna og hins vegar í ytra mati af sérfræðingum sem skipaðir voru til verksins af Rannís. Báðir matsaðilar gáfu hverju verkefni fyrir sig einkunn og umsögn. Öllum upplýsingum var svo safnað saman fyrir stjórn Þróunarsjóðs námsgagna sem ákvað úthlutun ársins.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna ákvað að veita styrk til 34 verkefna fyrir árið 2017 fyrir alls 51,2 m.kr. Þetta voru 8 karlar (24%), 16 konur (47%) og 10 fyrirtæki/stofnanir (29%)<sup>1</sup>. Upplýsingar um styrkþega, heiti verks og styrkupphæðir má sjá í listanum hér að neðan.

Nafn styrkþega	Heiti verks	Úthlutað
Aníta Guðný Gústavsdóttir	Næringarfræði	1.500.000
Arabísk-íslenska menningarsetrið ehf.	Íslenskuverkefni Arabísk-íslenska menningarsetursins	1.750.000
Barnaheill – Save the Children á Íslandi	Vinátta – Fri for Mobberi	1.500.000
Breki Karlsson	Aflatún	1.500.000
David Hidalgo Rodriguez	Góðir vinir, gaman saman! Verkefni sem byggt er á sérkennslufræði fyrir börn og unglinga með margbreytileika/sérþarfir í huga	1.500.000
Forlagið ehf.	Þín eigin léttlestrarbók	1.500.000
Forlagið ehf.	Fjármálalæsi	1.500.000
Forlagið ehf.	Smásögur á nýrri öld	1.500.000
Gísli Skúlason	Ritað og rýnt	725.000
Guðný Þorsteinsdóttir	Hulduheimar	1.750.000
Guðríður Adda Ragnarsdóttir	LÆS Í VOR	1.100.000
Guðrún Hallgrímsdóttir	Stafræn sköpun í FabLab	1.490.000
Háskólinn á Akureyri	Orðaleikur	1.750.000
Heimir Eyvindsson	Gå i gang	1.250.000

<sup>1</sup> Þeir aðilar sem fengu fleiri en einn styrk í þessari úthlutunarlotu eru taldir sem því nemur, þ.e. litið var til aðalumsækjanda hverrar umsóknar fyrir sig. Aðili sem hlýtur styrki fyrir tvö verkefni er því talinn tvisvar o.s.frv.

<b>Helga Birgisdóttir</b>	<i>Málæði: Málfræði og málnotkun fyrir efstu bekkni grunnskóla</i>	1.750.000
<b>Helga Guðrún Helgadóttir</b>	<i>Skapandi og hagnýtar teikniaðferðir fyrir nemendur í hönnun og nýsköpun á framhaldsskólastigi</i>	1.750.000
<b>Helga Rut Guðmundsdóttir</b>	<i>Tónsnilld í tónmennt: Heildstætt námsefni í tónmennt sem tekur mið af framförum á sviði tónlistarmenntunar á stafrænum miðlum</i>	1.360.000
<b>Hilmar Rafn Emilsson</b>	<i>Rannsaðu eins og fræðimaður</i>	1.500.000
<b>Iðnmennt ses.</b>	<i>Stærðfræði – 1. þrep</i>	1.750.000
<b>Iðnmennt ses</b>	<i>Almenn líffræði</i>	1.750.000
<b>Iðnmennt ses</b>	<i>Rennismíði 1</i>	1.750.000
<b>Ingibjörg Auðunsdóttir</b>	<i>Fágæti og furðuverk</i>	1.450.000
<b>Joanna Ewa Dominczak</b>	<i>Lítið Ísland</i>	1.100.000
<b>Kristín Arnardóttir</b>	<i>Ég get (vinnuheiti)</i>	1.500.000
<b>Maria Del Pilar C. Coello</b>	<i>Heimur Luca</i>	1.740.000
<b>Ragnar Kristján Gestsson</b>	<i>Eldsmíði – úr fortíð í framtíð</i>	1.400.000
<b>Rannveig G. Lund</b>	<i>Fimm vinir í blíðu og stríðu</i>	1.750.000
<b>Rannveig Magnúsdóttir</b>	<i>Námsefni um matarsóun fyrir grunnskólanemendur</i>	1.750.000
<b>Samskiptamiðstöð heyrnarlausra</b>	<i>Íslandsbók barnanna á íslensku táknmáli ásamt verkefnum</i>	1.500.000
<b>Sigurður Fjalar Jónsson</b>	<i>Upplýsingatækni á starfsbraut</i>	1.500.000
<b>Sigurður R. Ragnarsson</b>	<i>Leikjaforritun með Python og PyGame</i>	850.000
<b>Sólveig Friðriksdóttir</b>	<i>Heimildavinna, skráning, heimildaverkefni (ritgerðir)</i>	1.249.000
<b>Svanhildur Kr. Sverrisdóttir</b>	<i>Ísborg: Snjallsímamiðuð íslenskukennsla fyrir innflytjendur (vinnuheiti)</i>	1.750.000
<b>Þorbjörg Halldórsdóttir</b>	<i>Íslenska er málið – framhald</i>	1.750.000
		<b>51.214.000</b>

Umsýslu sjóðsins annaðist Jón Svanur Jóhannsson, starfsmaður Rannís, en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfræði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Reykjavík 25. ágúst 2017

Jón Svanur Jóhannsson, Rannís